



## Vátryggingafélag Íslands hf.

### Helstu niðurstöður fyrstu níu mánuða ársins 2017

- Hagnaður tímabilsins nam 829 m.kr. samanborið við 592 m.kr. á sama tímabil árið 2016.
- Bókfærð iðgjöld jukust um 14,9% frá sama tíma í fyrra.
- Kostnaðarhlutfall var 21,0% en var 21,4% á sama tíma í fyrra.
- Samsett hlutfall var 95,1% en var 102,1% á sama tímabili í fyrra.
- Tap af fjárfestingastarfsemi nam 499 m.kr. samanborið við 420 m.kr. tap á sama tíma 2016.
- Hagnaður á hlut nam 0,37 krónum samanborið við 0,26 krónur fyrir sama tímabil 2016.
- Gjaldþolshlutfall félagsins í lok tímabilsins var 1,49 samanborið við 1,83 á sama tímabili 2016

### Helstu niðurstöður þriðja ársfjórðungs 2017

- Tap tímabilsins nam 278 m.kr. samanborið við 354 m.kr. hagnað á sama tímabili árið 2016.
- Gjaldfærður kostnaður vegna skipulagsbreytinga er 112 m.kr.
- Kostnaðarhlutfall var 21,2% en var 20,4% á sama tíma í fyrra.
- Samsett hlutfall var 94,6% samanborið við 97,2% sama tímabil árið 2016.

Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2017 var staðfestur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 25. október 2017. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

### Helgi Bjarnason forstjóri VÍS

Þriðji ársfjórðungur er kaflaskiptur hjá okkur. Við erum annars vegar að sjá áframhald á jákvæðri þróun í afkomu af vátryggingarekstri og samsett hlutfall upp á 95,1% það sem af er ári. Afkoman af fjárfestingastarfseminni er hins vegar óviðunandi, sem skýrist aðallega af óhagstæðri þróun á hlutabréfamarkaði. Nýlega réðumst við í umfangsmiklar skipulagsbreytingar með það að leiðarljósi að einfalda okkar rekstur og gera okkur enn betur í stakk búin til að veita viðskiptavinum bestu þjónustu sem völ er á. Við sjáum mikil tækifæri í stafrænum lausnum og endurspeglu breytingar í skipuriti m.a. þær áherslur.

### Horfur

Gert er ráð fyrir áframhaldandi iðgjaldavexti á árinu 2017 og áætlanir okkar um samsett hlutfall eru óbreyttar á bilinu 95-98%.

### Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn hjá VÍS í Ármúla 3, þann 26. október n.k. kl. 8:30. Þar mun Helgi Bjarnason forstjóri kynna afkomu félagsins og svara spurningum. Hægt verður að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu á vef VÍS ([vis.is/vis/fjarfestar/fjarfestafundur](http://vis.is/vis/fjarfestar/fjarfestafundur)). Þar verður einnig hægt að nálgast kynningarefni og upptöku að fundi loknum.

Hluthafar og fjárfestar eru hvattir til að mæta á fundinn til að kynna sér uppgjörð, eða hafa samband við samskiptastjóra félagsins vilji þeir óska eftir fundi til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Andri Ólafsson samskiptastjóri í síma 660-5105 og í netfangi [fjarfestatengsl@vis.is](mailto:fjarfestatengsl@vis.is).



	3F		3F		9M 2017		9M 2016	
	m.kr.	br. %	2017	2016	br. %			
Rekstur	Iðgjöld tímabilsins		5.350	4.788	12,9%	15.310	13,55%	13.555
	Eigin iðgjöld		5.179	4.621	13,3%	14.796	13,064	13.064
	Fjármunatekjur		-259	403	-13,9%	894	1,038	1.038
	<b>Heildartekjur</b>		<b>4.942</b>	<b>5.062</b>	<b>11,0%</b>	<b>15.793</b>	<b>14,223</b>	<b>14.223</b>
	Tjón tímabilsins		-3.798	-3.798	-6,7%	-10.415	-11,169	-11.169
	Eigin tjón		-3.753	-3.513	3,7%	-10.834	-10,446	-10.446
	Rekstrarkostnaður		-1.374	-1.158	12,5%	-3.871	-3,441	-3.441
	<b>Heildargjöld</b>		<b>-5.127</b>	<b>-4.671</b>	<b>5,9%</b>	<b>-14.705</b>	<b>-13,887</b>	<b>-13.887</b>
	<b>Hagnaður</b>		<b>-278</b>	<b>354</b>	<b>40,2%</b>	<b>829</b>	<b>592</b>	<b>592</b>
	Hlutföll	Tjónahlutfall		71,0%	79,3%	-17,4%	68,0%	82,4%
Eigið tjónahlutfall			72,5%	76,0%	-8,4%	73,2%	79,9%	79,9%
Kostnaðarlutfall			21,2%	20,4%	-2,3%	21,0%	21,4%	21,4%
Endurtr. Kostnaðarlutfall			2,4%	-2,5%	-444,5%	6,1%	-1,7%	-1,7%
<b>Samsett hlutfall</b>			<b>94,6%</b>	<b>97,2%</b>	<b>-6,9%</b>	<b>95,1%</b>	<b>102,1%</b>	<b>102,1%</b>
		<b>m.kr.</b>			<b>30.9.2017</b>	<b>31.12.2016</b>		
Efnahagur	<b>Eignir</b>							
	Fjárfestingar				30.678		33.069	
	Handbært fé				587		1.063	
	Viðskiptakröfur				7.517		5.706	
	Hlutdeildarfélag				2.490		0	
	Aðar eignir				6.190		6.484	
	<b>Eignir samtals</b>				<b>47.462</b>		<b>46.323</b>	
	<b>Skuldir</b>							
	Eigið fé				16.151		16.371	
	Víkjandi skuldabréf				2.573		2.574	
Vátryggingaskuld				26.140		24.936		
Aðar skuldir				2.598		2.443		
<b>Skuldir samtals</b>				<b>47.462</b>		<b>46.323</b>		
Hlutföll	Eiginfjárlutfall				34,0%		35,3%	
	Arðsemi eigin fjár				7,0%		8,6%	
	Gjaldþolshlutfall samstæðu				1,49		1,72	

## Til athugunar fyrir fjárfesta

VÍS vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar



Í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á þeim tímamarki þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.